

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 24. febrúar 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Greinargerð um umhverfismál

Fyrir fundinum lá greinargerð um umhverfismál sem sveitarstjóri hafði gert skv. ályktun sveitarstjórnar 16. september 2010. Sveitarstjórn yfirfór fyrirbyggjandi greinargerð og ræddi einstaka liði hennar en fól sveitarstjóra að vinna áfram að málinu með því að senda hvatningarbréf um umhverfismál til íbúanna og samþykkt um umgengni og þrifanað sem hefur verið staðfest af Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

2. Gjaldskrár

Fyrir fundinum lágu tillögur að nokkrum gjaldskrár fyrir sveitarfélagið og fyrirtæki þess. Eftirfarandi gjaldskrár voru staðfestar:

- a) Um sorphirðu og móttöku úrgangs á Skagaströnd,
- b) Leikskólans Barnabóls.
- c) Leiga félaglegra íbúða og atvinnuhúsnæðis
- d) Félagsheimilisins Fellsborgar
- e) Íþróttahúss og sundlaugar
- f) Vegna hunda- og kattahalds
- g) Fyrir veiði refa og minka
- h) Vatnsveitu
- i) Höfðaskóla
- j) Bjarmaness
- k) Bókasafns Skagastrandar

3. Áætlun um frágang urðunarstaðar

- a) Bréf UST, dags. 7. febrúar 2011

Í bréfinu kemur m.a. fram að Umhverfisstofnun minnir á að ekki hafi verið send áætlun um frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins að Neðri Harrastöðum og veittur frestur til 22. febrúar 2011 til að skýra málið. Sveitarstjóri greindi frá því að drög að lokunaráætlun hafi verið send UST og frestur hafi verið veittur til 15. mars til að skila inn umræddri áætlun.

- b) Drög að lokunaráætlun.

Fyrir fundinum lágu drög að lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn Neðri Harrastaði sem voru unnin af Gunnari Svavarssyni umhverfisverkfræðingi á verkfræðistofunni Eflu. Fram kom að umrædd áætlunardrög hafi verið send landeigendum og Skagabyggð til umfjöllunar og umsagnar.

Sveitarstjórn samþykkti lokunaráætlunina fyrir sitt leyti.

4. Bréf:

- a. Tónlistarfólks, dags. 11. febrúar 2010

Bréfið fjallar um ályktun mótmælafundar „Samstaða um framhald tónlistarskólanna“ sem haldinn var í Reykjavík 1. febrúar sl. Erindi bréfsins er að vekja athygli sveitarstjórna á sjónarmiðum þeirra sem stóðu að mótmælafundinum. Bréfið var til kynningar

- b. Nes listamiðstöðvar, dags. 18. febrúar 2011

Með bréfinu er óskað eftir 1.210 þús. króna aukaframlagi vegna rekstra listamiðstöðvarinnar. Samþykkt að veita listamiðstöðinni lán með veði í fasteigninni Fjörubraut 8.

- c. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. febrúar 2011.

Með bréfinu er kynnt námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn vorið 2011 í samvinnu landshlutasamtök sveitarfélaga. Bréfið var til kynningar

- d. Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, dags. 9. febrúar 2011.

Með bréfinu er óskað eftir samstarfi og samvinnu við efnisöflun fyrir gagnasafnið www.fishernet.is þar sem strand- og fiskveiðimenningu þjóðarinnar verði gerð skil. Bréfið var til kynningar en sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um verkefnið.

- e. UMFÍ, dags. 28. janúar 2011.

Stjórn Ungmennafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum frá sambandsaðilum um að taka að sér framkvæmd unglíngalandsmóts 2013 og 2014. Bréfið var til kynningar.

- f. SSNV, dags. 2. febrúar 2011.

Með bréfinu er þeirri tillögu beint til aðildarsveitarfélaga SSNV að 19. ársþing verði frestað og haldið fyrir lok ágústmánaðar 2011 í stað aprílloka eins og kveðið er á í samþykktum. Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd við umrædda breytingu á tímasetningu ársþingsins.

- g. Umhverfisráðuneytisins, dags. 31. janúar 2011.

Með bréfinu er vakin athygli sveitarstjórna á nýjum lögum um mannvirki nr. 160/2010 sem tóku gildi um sl. áramót. Sérstök athygli er vakin á ákvæðum nýrra laga um varðandi störf byggingarfulltrúa og byggingarnefnda. Eftir gildistöku laganna þarf sérstaka samþykkt sveitarfélags um störf byggingarnefndar sem staðfest skal af umhverfisráðherra ef sú ákvörðun er tekin að byggingarnefnd skuli vera í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkti að núverandi skipulags og byggingarnefnd starfi áfram sem skipulagsnefnd þar til annað verði ákveðið.

5. Fundargerðir

- a. Skipulags- og byggingarnefndar. 23.02.2011

Eftirfarandi dagskrárliðir voru samþykktir:

3. Hólanesvegur 6. umsókn um lóð.
4. Jaðar, ósk um heimild til að fjarlægja bílskúr.
5. Iðavellir, umsókn um breytta notkun húss.
6. Straumnes; umsókn vegna dyraskýlis.
7. Staðfesting lóðamarka.

Að öðru leyti var efni fundargerðar til kynningar

b. Menningarráðs Norðurlands vestra, 28.01.2011

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar Norðurár bs. 9.12.2010

Fundargerðin var til kynningar

d. Stjórnar Norðurár bs. 30.12.2010

Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Norðurár bs. 6.01.2011

Fundargerðin var til kynningar

f. Starfshóps um sameiningu sv.félaga, 14.01.2011

Fundargerðin var til kynningar

g. Stjórnar SSKS, 15.02.2011

Fundargerðin var til kynningar

h. Stjórnar SSNV, 4.02.2011

Fundargerðin var til kynningar

i. Stjórnar SSNV, 8.02.2011

Fundargerðin var til kynningar

j. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28.01.2011

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál

Ekki var bókuð umræða undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10²⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Jensína Lýðsdóttir

Magnús B. Jónsson